



**FRAMLAG ÍSLANDS:
ÞEKKINGARBANKI OG REYNSLUSJÓÐUR**

**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnu
Landgræðslunnar og Háskólafélags Suðurlands
um
Evrópskt rannsókn- og styrkjaumhverfi –
Sunnlensk tækifæri
Gunnarsholti
3. apríl 2009**

Ávarpið var flutt blaðlaust og vélritað eftir upptöku

Ágætu ráðstefnugestir

Það er mér sérstök ánægja að vera með ykkur hér í dag og taka þátt í samræðum um tækifæri Íslendinga á alþjóðavettvangi, tækifæri sem eru byggð á þekkingu, vísindum og reynslu sem byggð hefur verið upp á undanförunum áratugum.

Það er mér til efs að við gerum okkur nægilega skýra grein fyrir því hve einstakur sá þekkingarbanki er sem þróast hefur hér í meira en hálfa öld, einmitt á sviðum sem hvað brýnust eru þegar horft er vítt og breitt um veröldina; brýn ef mannkyni á að takast að forða komandi kynslóðum frá þeim hrikalegu afleiðingum sem óafturkræfar loftslagsbreytingar hafa í för með sér.

Mig langar til að nefna hér í upphafi þrjú þessara sviða. Þau eru öll í forgangsröð á samstarfsskrá þjóða heims og kalla á þekkingu, reynslu og lausnir sem byggðar eru á þeim grundvelli sem vísindin hafa skapað.

Við þekkjum öll hvernig árangur Íslendinga á sviði hreinnar orku hefur vakið athygli vítt og breytt um veröldina. Flestir eru nú sammála um að ef mannkyni tekst ekki á næstu tuttugu til þrjátíu árum að umbreyta

orkukerfi nánast allra þjóða á svipaðan hátt og Íslendingar hafa gert á síðustu fimmtíu árum, hverfa frá olíu og kolum yfir til hreinna og umhverfisvænna orkugjafa, þá verði varla aftur snúið á braut hinna hrikalegu loftslagsbreytinga.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir alþjóða umræður og samninga um þá miklu fjármálakreppu sem nú herjar á veröldina eru leiðtogar nánast allra ríkja sammála um að glíman við breytingar á orkukerfunum sé enn brýnna viðfangsefni og mikilvægara. Þá er ekki lítið gert úr þeim erfiðleikum sem fjármálakreppan skapar fyrir hundruðir milljóna fólks vítt og breytt um veröldina á vettvangi atvinnu, lífskjara og eigna. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að kjarni í niðurstöðum leiðtogafundarins sem fram fór í London í gær er á þann veg að rauður þráður í öllum aðgerðum gegn heimskreppunni þurfi að vera hin hreina orkan, breytingar í orkunýtingu frá fyrri venju í þá átt að byggja efnahagslegan ávinning, lífskjör, framfarir, atvinnulíf á sjálfbærum orkulindum.

Hinn nýi forseti Bandaríkjanna hefur náð því í gegn að viðamesti þátturinn í hinni miklu þjargráðalöggjöf sem samþykkt var af bandaríska þinginu fyrir skömmu eru einmitt aðgerðir á þessu sviði.

Við vitum öll í þessum sal hvernig Íslendingar hafa á síðustu fimmtíu eða sextíu árum byggt upp viðamikla þekkingu á þessu sviði, þekkingu sem orðið hefur til í samstarfi sveitarstjórnarmanna, fólks í forystu landsmála, en umfram allt í samstarfi vísindamanna, jarðfræðinga tæknimanna sem hafa helgað þessum vettvangi starf sitt.

Í öðru lagi eru auðlindir hafsins sem í vaxandi mæli er ógnað af ofveiði, nýtingarstefnu sem ekki er byggð á nægilegum þekkingargrunni. Þótt við Íslendingar getum státað okkur af því að hafa sæmilega tekist að varðveita auðævi hafsins á undanförunum áratugum þá er það því miður ekki sagan á veraldarvísu. Það ástand sem einkennir úthöfin og auðlegðir hafsins er ekki aðeins slæmt í sjálfu sér heldur felur það í sér stórfelld heilbrigðisvandamál á komandi áratugum vegna þess að fiskeldi hefur reynst vera á þann veg að eldisfiskar þróa ekki nauðsynleg efnasambönd sem við þurfum á að halda til þess að geta varist sjúkdómum, haldið eðlilegri heilsu. Eftir því sem fiskistofnum úthafanna hnignar eru meiri líkur á því að æ stærri hluti heims þurfi að glíma við erfiða faraldra á sviði heilbrigðismála.

Einnig á þessu sviði höfum við Íslendingar með samstarfi sjávarbyggðanna, fiskifræðinga og annarra fræðimanna byggt upp einn hinn verðmætasta þekkingarbanka í varðveislu auðæva hafsins sem þekki í veröldinni.

Þriðja sviðið er einmitt það sem við fjöllum um í dag: baráttan gegn landeyðingu, nauðsynin á því að vernda gróðurríki veraldarinnar ekki aðeins vegna þess að í því felast verðmæti í sjálfu sér heldur líka vegna þess að öflugt gróðurríki er einhver sterkasti varnargarðurinn sem við getum byggt í baráttunni gegn loftslagsbreytingunum.

Á þessu sviði höfum við einnig í samstarfi Landgræðslunnar, náttúrufræðinga, þekkingarsamfélagsins og bændanna í landinu byggt upp verðmætan þekkingarbanka sem æ fleiri á veraldarvísu beina athygli sinni að.

Það hefur verið ánægjulegt fyrir mig að hafa tækifæri til þess á undanförnum árum að kynnst því hve mikillar virðingar árangur Íslendinga á sviði landgræðslu og gróðurverndar nýtur í veröldinni. Hingað hafa komið sumir fremstu fræðimenn heims á þessu sviði gagnert til þess að nýta sér þekkingarbanka Íslendinga og alþjóðastofnanir beina í sívaxandi mæli athygli sinni að reynslu okkar.

Við höfum hér kannski fyrst og fremst horft á landgræðsluna út frá þröngu sjónarhorni okkar eigin baráttu gegn eyðingu lands, baráttu fyrir því að græða sandanna á ný og reyna að hamla gegn því andófi sem vissulega var til staðar hér á fyrri árum og áratugum varðandi þetta. Sú barátta er í sjálfu sér líka lærdómsrík fyrir hið alþjóðlega samfélag. Okkur hefur tekist ekki aðeins að ná þekkingu í vísindastarfi heldur líka að skapa víðtæka lýðræðislega hreyfingu bænda og almennings þessu starfi til stuðnings.

Víða um veröld er ástandið enn eins og það reyndar var hér hjá okkur fyrir fáeinum áratugum að nokkuð, ef ekki mjög mikið, skortir á að nægilegur stuðningur sé meðal bænda og almennings gagnvart þessu starfi. Ég veit að það er stundum ekki við hæfi að rifja okkar sögu upp en það er þó nauðsynlegt að hafa hana í huga. Ef árangur á að nást á veraldarvísu á þessu sviði þá þarf að koma á víðtæku samstarfi þeirra hundruða milljóna bænda og búanda sem nýta sér landið og eru að nokkru leyti með aðferðum sínum orsök vandans sem veröldin glímir við.

Allir þessir þrír þættir sem ég hef hér nefnt, breytingar á orkukerfi veraldarinnar, varðveisla auðlinda hafsins og hin víðtæka barátta gegn gróðureyðingu í Evrópu, Asíu, Afríku, Suður-Ameríku, nánast alls staðar þar sem fólk hefur komið sér fyrir, eru þess eðlis að við Íslendingar búum að öflugum þekkingarbanka og reynslusjóði sem myndaðir hafa verið hér smátt og smátt á undanförunum fimmtíu til hundrað árum.

Ég hef stundum haft það á orði að í kjölfar kalda stríðsins hefur heimsmýndin breyst á þann veg að í stað ótta og andstöðu er nú fyrst og fremst spurt um hvað hefur hver þjóð fram að færa í annarra þágu. Sú

myndbirting alþjóðlegs samstarfs sem við vorum vitni að, veröldin öll, í gær er enn ein staðfestingin á því hvernig nú er óðum að festast í sessi ný heimsmynd þar sem fátækar þjóðir Asíu, Afríku og Suður-Ameríku sitja við sama borð og hinar ríkari. Ráðamenn Rússlands, Bandaríkjanna, Kína og Indlands taka höndum saman og lýsa yfir sameiginlegri baráttu til lausnar á erfiðu efnahagsmálum. Um leið lýsa þeir því yfir að sams konar verklag þurfa einnig að einkenna baráttuna gegn loftslagsbreytingum og öðrum stórum verkefnum sem mannkynið verður að leysa á allra næstu árum.

Vísindasamfélagið hefur áréttað hvað eftir annað að undanförunu að við höfum ekki mikinn tíma til stefnu. Einn hluti hins alþjóða vísindasamfélags segir að í raun höfum við aðeins tíu til fimmtán ár til þess að koma í veg fyrir óafturkræfanlegar loftslagsbreytingar. Annar hluti segir að við höfum kannski tuttugu til þrjátíu ár.

Við þurfum ekki annað en að líta til baka í eigin ranni og hugleiða hvar við vorum upp úr 1980 til þess að átta okkur á því að jafnvel efri mörkin eru skammur tími í þessum efnum. Þá skiptir miklu máli fyrir íslenska þjóð að við gerum okkur skýra grein fyrir því á hvaða vettvangi höfum við einna mest fram að færa, hvar sé sá þekkingarbanki sterkastur sem við höfum byggt upp og sá reynslusjóður mikilvægastur sem við höfum fram að færa.

Af því að oft hefur á undanförunum mánuðum verið rætt um stöðu Íslands og orðspor í hinu alþjóðlega samhengi þá er ánægjulegt að vita til þess að þrátt fyrir áfallið sem orðið hefur í efnahagslífinu og bankahrunið þá er orðspor og virðing íslensks þekkingarsamfélags, þeirrar reynslu sem byggð hefur verið upp á þessum þremur sviðum sem ég hef hér nefnt, algjörlega óhaggað. Það eru engin áföll sem orðið hafa á undanförunum mánuðum sem geta komið í veg fyrir að við getum nýtt okkur af krafti þá þekkingu sem við höfum hér skapað.

Ég nefndi áðan að það hafa verið forréttindi fyrir mig að fá að kynnast því á alþjóðavettvangi hve mikils virði reynsla Íslendinga á sviði landgræðslu og baráttu gegn gróðureyðingu og fyrir endurheimtingu jarðvegs er í raun. Ég nefni í þessu sambandi ráðstefnur og málþing sem ég hef setið bæði í Bandaríkjunum og í Asíu þar sem þetta hefur komið skýrt fram. Ég nefni líka hina öfluglu ráðstefnu sem haldin var á Selfossi fyrir fáeinum árum og var þáttur í víðtækri alþjóðlegri samræðu.

Við höfum rætt um það að auka við framlag okkar innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna með því að efla hér rannsókn- og þekkingarsetur í landgræðslu og gróðurvernd til viðbótar við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem eru kannski eitt

merkasta framlag okkar Íslendinga á alþjóðavettvangi á undanförunum áratugum.

Mér finnst líka ánægjulegt að við erum hér í dag með því samstarfi sem Landgræðslan og Háskólafélag Suðurlands stendur að, að vísa veginn til nýrra hátta í þekkingarsamfélagi og háskólasamfélagi okkar Íslendinga. Það hefur oft verið ráðandi að það væru fyrst og fremst háskólastofnanir í Reykjavík, Háskóli Íslands og aðrir háskólar, sem væru burðarásar í þeirri þekkingarsköpun sem fram færi á Íslandi. Við höfum þó smátt og smátt verið að átta okkur á því að því nær sem rannsóknirnar og háskólasamfélag eru heimavettvangi viðfangsefnisins þeim mun meiri verður árangurinn. Ég nefni sem dæmi alþjóðlega strandfræðimenntun vestur á fjörðum sem byggð hefur verið upp á síðustu misserum og þátttöku Háskólans á Akureyri í rannsóknum Norðurslóða. Því nær sem fræðastarfið er heimaslóðum því frjórri verður vettvangurinn og því árangursríkara getur framlag okkar Íslendinga orðið.

Ég hef tekið þátt í því á undanförunum árum að koma einu sinni á ári á vettvang þegar Sunnlendingar hafa veitt rannsóknarstyrki. Það hefur verið gaman að sjá hve fjölþætt er sú sveit af ungum vísindamönnum sem sækjast eftir liðssinni Sunnlendinga. Ég er því sannfærður um að samspil Landgræðslunnar og Háskólafélags Suðurlands á eftir að bera ríkulegan ávöxt. Það er í takt við þá stefnu sem þarf að vera leiðarljós okkar Íslendinga á alþjóðlegum vísindavettvangi.

Þess vegna finnst mér ánægjulegt að vera með ykkur hér í dag. Það er líka gaman að þessi umræða skuli vera tengd vettvangi Evrópusambandsins. Hvað sem líður ágreiningi um hvort við Íslendingar eigum að ganga í það samband eða ekki, þá er ljóst að á þessum þremur sviðum – stjórnun sjávarútvegs, nýtingu hreinna orkulinda og landgræðslu og gróðurvernd – veit Evrópusambandið að það er töluvert í íslenska smiðju að sækja. Þetta eru einmitt sviðin þar sem við getum borið höfuðið hátt. Hér getum við bæði lagt í þúkkið og styrkt okkar eigin starf með öflugri þátttöku óháð því hvort við erum aðilar að sambandinu.

Ég vona að samræðan hér í dag, athöfnin og ráðstefnan, verði upphaf af öflugum samstarfi Landgræðslunnar og Sunnlendinga, stuðli að því að Íslendingar njóti áfram virðingar og viðurkenningar vítt og breytt um veröldina fyrir að skapa þekkingu sem mannkynið þarf á að halda.